

Mál nr. 70/2001

M

og

Vátryggingafélagið X v/ fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26.3.2001 ásamt greinargerð, dags. 22.3.2001.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Atvikalýsing málskotsaðila ásamt ljósmyndum og bréfi félaga málskotsaðila.
4. Bréf X, dags. 31.8.2000 og 10.4.2001 ásamt skilmálum (hluta).

Málsatvik.

Aðfaranótt 8. maí 1999 var M að ganga yfir brú á ánni Elbu í Dresden í Þýskalandi. Féll hann þá af brúnni og niður á hellulagða gangstétt. Hlaut hann höfuðhögg, hryggbrot og meiðsl á báðum ökklum og hægri hendi. Í lýsingu M á aðdraganda slyssins segir að hann hafi verið að fara yfir brú og gengið á kantinum og fallið u.þ.b. 10 metra niður.

Í bréfi þýsks félaga M, dags. 8.12.2000, kemur m.a. fram að þeir hafi verið saman ásamt fleirum kvöldið fyrir slysið. Um miðnætti hafi þeir farið á veitingastað. Um kl. 2 hafi hann haldið heimleiðis, en M hafi sagst ætla að hitta annan félaga sinn. Er hinn þýski félagi skildi við M kvað hann M ekki hafa litið út fyrir að hafa verið drukkin, enda hafi þeir einungis drukkið saman tvo eða þrjá bjóra.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að M hafi í umrætt sinn gengið á handriði brúarinnar og með því sýnt stórkostlegt gáleysi sem leiði til þess að hann hafi fyrirgert rétti sínum til bóta. Af hálfu M hefur synjun X verið mótmælt. Einnig er mótmælt sem ósannaðri þeirri staðhæfingu X að M hafi gengið á brúarhandriðinu.

Álit.

Í gögnum málsins kemur hvergi fram skýring á því hvað M eigi við er hann í lýsingu sinni á aðdraganda slyssins kveðst hafa gengið á "kantinum". Gegn mótmælum M þykir eins og hér stendur varhugavert að fullyrða að með þessu orðalagi hafi M gefið í skyn að hann hafi gengið á handriði brúarinnar. Ekkert liggur fyrir hvort eða hversu mikið magn áfengis hafi verið í líkama M, er hann slasaðist. Þykir því heldur ekki mega draga að öðru leyti ályktanir um að M hafi valdið slysinu með stórkostlegu gáleysi eða undir áhrifum áfengis. Að þessari niðurstöðu fenginni verður að telja að X hafi ekki sýnt fram á að M hafi fyrirgert rétti sínum til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

Líkamstjón M af völdum slyss þann 8.5.1999, telst bótaskyld úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá X.

Reykjavík, 20. apríl 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.